

**119. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 14. apríl 2011 í Ólafsvík**

**Mætt:** Kolbrún Reynisdóttir formaður, Þórólfur Halldórsson, Ásgeir Gunnar Jónsson, Eiríkur Snæbjörnsson, Sigurður Þórólfsson, Magnús A. Sigurðsson og Þorleifur Eiríksson. Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður forfallaðist.

*Fundarritari:* Pálmi Freyr Sigurgeirsson

Formaður setti fund kl. 11:00.

**Fundargerð 118. fundar**

**Afgreiðsla:** Fundargerðin var uppliesin og samþykkt.

**Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Reykhólahrepps**

Beiðni Skipulagsstofnunar um umsögn vegna tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykhólahrepps.

**Afgreiðsla:**

Breiðafjarðarnefnd gerir ekki athugasemdir við framlagðar tillögur að breytingu á aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018.

**Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Vesturbyggðar**

Beiðni Skipulagsstofnunar um umsögn vegna tillögu að breytingu á aðalskipulagi Vesturbyggðar.

**Afgreiðsla:**

Breiðafjarðarnefnd gerir ekki athugasemdir við framlagðar tillögur að breytingu á aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018.

**Starfsskýrsla nefndarinnar 2010**

Lögð voru fram drög að starfsskýrslu Breiðafjarðarnefndar vegna ársins 2010.

Nefndarmenn munu fara yfir skýrsluna og koma með athugasemdir fyrir næsta fund.

**Bygging húss í Kiðey í Stykkishólmslandi**

Beiðni skipulags- byggingarfulltrúa Stykkishólmsbæjar um umsögn vegna byggingu húss í Kiðey.

**Afgreiðsla:**

Breiðafjarðarnefnd getur ekki byggt umsögn á fyrirliggjandi gögnum en bendir á þær vinnureglur sem nefndin hefur til viðmiðunar við gerð umsagna um húsbyggingar á eyjum í Breiðafirði sem er að finna á heimasíðu Breiðafjarðarnefndar.

## Prentun á Breiðafjarðarbæklingum

Skoðað var tilboð frá Guðjóni Ó í prentun á bæklingunum, „*Breiðafjörður – náttúra og saga*“ og „*Fuglalíf – á Breiðafirði*“. Ákveðið var að athuga með samstarfsaðila sem er til í að taka að sér útgáfuna.

## Önnur mál

Bréf frá Skipulagsstofnun vegna Vestfjarðavegar var lagt fram til kynningar.

Bréf frá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands vegna starfsleyfis Íslenskrar bláskeljar var lagt fram til kynningar.

Þorleifur óskaði eftir því að allar fundargerðir Breiðafjarðarnefndar frá upphafi yrðu gerðar aðgengilegar á heimasíðu Breiðafjarðarnefndar. Ritari mun hafa uppi á öllum fundargerðum nefndarinnar til að byrja með.

Þórólfur sagði frá tillögu alþingismannanna Marðar Árnasonar og Róberts Marshall um þjóðgarð í Reykhólasveit.

Hádegisverður var snæddur á Hótelri Hellissandi með Skúla Alexanderssyni sem fór með nefndarmönnum um Hellissand og sýndi lendingar og uppsátur í Keflavík og Brekknalendingu. Einnig var farið í sjóminjasafnið. Því næst var farið í sjávarrannsóknarsetrið Vör í Ólafsvík þar sem Erla Björk Örnólfssdóttir forstöðumaður fræddi nefndarmenn um starfsemina.

**Fundi var slitið kl. 16:00.**

**Næsti fundur verður haldinn þann 19. maí 2011.**